

ÖRNEFNANEFND

Ársskýrsla

2025

ÖRNEFNANEFND

Eddu, Arngrímsgötu 5, 107 Reykjavík

Netfang ornefnanefnd@hi.is

ornefnanefnd.is

Skipulag

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga um örnefni, nr. 22/2015, sbr. og lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, nr. 40/2006, með síðari breytingum, lög um landmælingar og grunnkortagerð, nr. 103/2006, með síðari breytingum og lög um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Örnefnanefnd er þannig skipuð frá 18. apríl 2024:

Einar Sveinbjörnsson formaður, skipaður án tilnefningar.

Aðalsteinn Hákonarson, tilnefndur af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

-Varamaður: Emily Lethbridge.

Þórdís Edda Jóhannesdóttir, tilnefnd af Íslenskri málnefnd

-Varamaður: Arnbjörn Jóhannesson.

Tryggvi Már Ingvarsson, tilnefndur af innviðaráðherra.

-Varamaður: Stefanía Traustadóttir.

Bjarney Guðbjörnsdóttir, tilnefnd af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

-Varamaður: Þórey D. Þórðardóttir

Þórdís Edda Jóhannesdóttir var kjörin varaformaður á fyrsta fundi nefndarinnar.

Aðalsteinn Hákonarson rannsóknaraðjunkt á menningarsviði Árnastofnunar starfar með nefndinni og hann ritaði fundargerðir. Þá sat Emily Lethbridge rannsóknardósent á menningarsviði Árnastofnunar tvo fundi nefndarinnar.

Örnefnanefnd hefur aðsetur í Eddu, miðstöð rannsókna og kennslu í íslenskum fræðum við Arngrímsgötu í Reykjavík.

Verkefni

Verkefni örnefnanefndar eru skv. lögum þessi:

1. að veita rökstutt álit um örnefni vegna birtingar í opinberum örnefnagrunni hafi risið ágreiningur um það efni og honum verið skotið til nefndarinnar;
2. að úrskurða um nýtt eða breytt bæjarnafn, götunafn eða annað það nafn sem notað er til skráningar á staðfangi hafi risið ágreiningur um það efni og honum verið skotið til nefndarinnar;
3. að úrskurða um nöfn á skiltum opinberra aðila;
4. að veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýjum þéttbýliskjarna eða hverfi innan sveitarfélags;
5. að veita umsögn um nafn sveitarfélags, sbr. 6. gr. laga um örnefni;
6. að veita umsögn um nafn á nýju náttúrufyrirbæri innan sveitarfélags;
7. að sinna öðrum verkefnum sem henni kunna að vera falin með lögum, reglugerðum eða ákvörðun ráðherra.

Örnefnanefnd er heimilt að taka upp mál að eigin frumkvæði.

Upplýsingamiðlun og heimasíða

<https://www.arnastofnun.is/is/ornefnanefnd>

<https://www.ornefnanefnd.is> (vísar beint á svæði nefndarinnar á heimasíðu Árnastofnunar).

Á heimasíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum má m.a. finna lög um örnefni, nr. 22/2015, ársskýrslur örnefnanefndar frá árinu 1998, meginsjónarmið nefndarinnar um nöfn sveitarfélaga og skrár um nöfn á býlum sem tekin hafa verið upp eftir 1. ágúst 1998. Enn fremur er þar að finna leiðbeiningar nefndarinnar um nafngiftir býla, gatna, sveitarfélaga og náttúrufyrirbæra og reglugerð um störf örnefnanefndar.

Fundir

Haldnir voru tíu formlegir fundir í örnefnanefnd árið 2025.

Umsagnir, álit og úrskurðir

Í mars sendi sveitarfélagið Hvalfjarðarsveit örnefnanefnd beiðni um umsögn um nýnefnið *Miðtindur*, sem er einn tinda Hafnarfjalls og hefur til þessa ekki borið nafn á kortum. Ferðafélag Borgarfjarðarhéraðs sendi sveitarfélaginu tillöguna með rökstuðningi í maí 2024. Hvalfjarðarstrandarhreppur ákvað í kjölfarið að vísa málinu til umsagnar hjá örnefnanefnd. Málið fékk ítarlega umfjöllun og komu m.a. fulltrúar Ferðafélags Borgarfjarðarhéraðs á fund nefndarinnar til að útskýra betur tilurð og rökstuðning fyrir nafngiftinni. Örnefnanefnd veitti jákvæða umsögn um nafnið og var bréf sent Hvalfjarðarsveit 24. júní. Þar kom m.a. fram eftirfarandi rökstuðningur: “...*Miðtindur* sé í samræmi við staðhætti og örnefnahefð og telur ekki að það raski merkingu annarra nafna á svæðinu....ekki fundist skýrar heimildir um annað þekkt nafn á þeim fjallstindi sem um ræðir. Örnefnanefnd telur einnig að í ljósi þess að tindurinn er hluti af vinsælli gönguleið sé æskilegt að hann hafi sérstakt nafn sem vísar ótvírætt á hann ef kalla þarf á aðstoð.” Málið var um áramót ekki afgreitt af hálfu Hvalfjarðarstrandarhrepps.

Í maí barst beiðni frá Sveitarfélaginu Hornafjörður þar sem óskað var eftir umsögn um tillögu um að breyta nafni á landeigninni Holtsenda 2 í *Stökustað*. Mælt var gegn nafninu með rökum og bréf þess efnis sent sveitarfélaginu í júní.

Örnefnanefnd tók í janúar upp að eigin frumkvæði að úrskurða um að Reykjavíkurborg skyldi velja m.a. á grundvelli öryggishagsmuna nýja staðvísa í stað götunafnanna *Bjargargata* í Vatnsmýri og *Fíflsgata* á Landsspítalalóðinni. Það var gert vegna þess að götunöfnin væru of lík nöfnunum *Bjarkargata* og og *Vífilsgata* sem fyrir eru í sveitarfélaginu. Úrskurður var sendur með bréfi til Reykjavíkurborgar 18. febrúar. Byggingafulltrúi Rvk. óskaði eftir framlengingu á fresti til að bregðast við úrskurðinum með tölvupósti 6. mars og aftur 6. maí. Örnefnanefnd fékk síðan upplýsingar úr fjölmiðlum um miðjan október að Reykjavíkurborg hefði samþykkt að breyta nafninu *Bjargargata* í *Kristínargata* og fallið frá því að nota nafnið *Fíflisgata* á götu við nýja Landspítala.

Önnur verkefni nefndarinnar á árinu (í tímaröð)

Í örnefnanefnd var umræða allt árið um skráningu staðvísa (örnefna) á vegum sveitarfélaga og eftirlit örnefnanefndar með skráningunni. Örnefnanefnd og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er skv. lögum falið að hafa eftirlit með gæðum skráningar staðvísa, en á sama tíma hefur nefndin ekki haft greiðan aðgang að upplýsingum um skráninguna sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun heldur utan um. Í skráningarkerfi HMS er m.a. gert ráð fyrir að sveitarfélög skrái upplýsingar um ástæður nafngifta, en á því er mikill misbrestur. Á fyrsta fundi ársins lagði Aðalsteinn fram minnisblað þar sem fjallað var um þörfina á því að

örnefnanefnd móti verklag um eftirlit með skráningu nýrra staðvísa og nákvæmari leiðbeiningar til sveitarfélaga um nýjar nafngiftir. Nefndin skoðaði lista yfir nýnefni úr staðfangaskrá HMS. Sjálf yfirferðin krefst talsverðrar vinnu og verklagið var rætt á fundum nefnarinnar allt árið. Drög að reglum örnefnanefndar um nýjar nafngiftir lágu fyrir í árslok, en eru þó ekki útræddar.

Fjallað var um hvort örnefnanefnd ætti að bregðast sérstaklega við þeirri tilhneigingu í ferðamennsku hér á landi að gefa náttúrufyrirbærum ensk nöfn. Þau rata inn á kort og ryðja jafnvel íslenskum heitum úr vegi með tímanum. Útbúinn var listi yfir þau algengustu, s.s. *Arrowhead mountain* fyrir Kirkjufell og *Diamond Beach* fyrir Fellsfjöru.

Örnefnanefnd óskaði eftir því að fá að halda kynningu um fyrirkomulag örnefnamála á vorfundi SATS (Samtök tæknimanna sveitarfélaga). Einar og Aðalsteinn fluttu erindi f.h. örnefnanefndar á fundinum á Hótel Geysi 9. maí og tóku þátt í umræðum um nýja staðvísa og forsendur eða heimildir til nafngifta. Dæmi voru m.a. tekin af vandræðum sem óvönduð nafngift getur haft í för með sér og þann misskilning sem samheiti staðfanga getur leitt til, s.s. hjá viðbragðsaðilum.

Emily Lethbridge starfsmaður Árnastofnunar og varamaður í örnefnanefnd kynnti nefndinni starf Sameinuðu Þjóðanna um örnefni (UNGEGN) og sagði jafnframt frá fundi sem hún sótti í New York.

Bjarney Guðbjörnsdóttir í örnefnanefnd og starfsmaður Náttúrufræðistofnunar, kynnti verkefni örnefnaskráningar og miðlunar þeirra á Náttúrufræðistofnun. Tryggvi Már Ingvarsson kynnti verkefni skráningar staðfanga hjá Húsnæðis- og Mannvirkjastofnun.

Umræða var áfram í nefndinni um merkjanlega aukna ásókn í að gefa nýjum náttúrufyrirbærum nöfn, m.a. þegar jökulsker eða nýtt land, lón o.þ.h. birtast við rýrnun jökla. Formaður nefndarinnar hefur verið í sambandi við Jöklarannsóknafélag Íslands og hvatt til þess að félagið láti til sín taka við nafngiftir á fyrirbærum sem koma undan jökli og að lítill hópur fólks innan Jöklarannsóknafélagsins með áhuga á örnefnun vinni skipulega að málinu og þrói vinnulag, m.a. varðandi samskiði við örnefnanefnd og sveitarfélög sem fara með hið stjórnsýslulega hlutverk.

Staða örnefnamála og örnefnanefndar

Umræður voru um stöðu örnefnamála almennt séð og um reynslu núgildandi laga sem tóku gildi 2015. Eins hvort nefndin ásamt Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum uppfylli það hlutverk sem snýr að eftirliti með nafngiftum og fræðslu um góða örnefnahætti. Áhyggjur eru af því hvort starfsmenn Árnastofnunar hafi nægt svigrúm til að sinna þessum verkefnum. Óskað var eftir fundi með menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu til að ræða starfsumhverfi örnefnanefndar og reynsluna sem fengin er á þeim 10 árum sem liðin eru frá setningu laganna. Á fundinn, sem haldinn var 7. október, mætti, auk formanns og starfsmanns nefndarinnar, Guðrún Nordal forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar. Í framhaldi hans var ritað ítarlegt bréf 29. október til Loga Einarssonar ráðherra mennta- og menningarmála. Viðbrögð ráðuneytisins höfðu ekki borist í árslok.

Nafnfræðingar á Árnastofnun

Sérfræðingar í nafnfræði við Árnastofnun veita einstaklingum og sveitarfélögum ráðgjöf um örnefni, þ.m.t. bæjarnöfn. Fyrirspurnirnar geta verið af ýmsum toga og stundum leita

sveitarfélög eftir rökum til að hafna sérkennilegum óskum frá íbúum eða fyrirtækjum. Sem dæmi er nefnd hér beiðni byggingarfulltrúans í Reykjavík til Árnastofnunar þar sem óskað var eftir ráðgjöf vegna umsóknar íbúa í Seljahverfi um að sérheitinu *Aufúsa* yrði bætt aftan við götuheiti og númer í staðfangi. Slíkt er aðeins heimilað í undantekningartilvikum þar sem hugsunin er að varðveita húsanöfn á stöðum þar sem rík hefði er fyrir þeim.

Samstarf

Örnefnanefnd á í reglulegu samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Náttúrufræðistofnun og veitir ráðgjöf um skráningu staðfanga og annarra örnefna.

Reglugerðir

Reglugerð um störf örnefnanefndar nr. 1040/2017 birtist í *Stjórnartíðindum* 14. nóvember 2017: (<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=d926029d-a684-4f96-85a8-bbf15ac28da3>). Hana er einnig að finna á heimasíðu Árnastofnunar.

Reglugerð um skráningu staðfanga, nr. 577/2017, tók gildi 12. júní 2017, sjá <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=aa51489d-fb7e-4709-8da0-7782bbecc42b>.

Reykjavík, 22. janúar 2026

ÖRNEFNANEFND

Einar Sveinbjörnsson, formaður